

Bolungarvíkurkaupstaður  
b/t Gísli Gunnlaugsson  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

Reykjavík 28. maí 2019  
UST201904-266/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing - Aðalskipulag Bolungarvíkur – Endurskoðun**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Bolungarvíkur er barst 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Hér er um að ræða heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins til næstu 12 ára, 2019-2031.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir lýsinguna og er hún skýr og greinargóð.

#### **Sjálfbær þróun**

Í greinargerð kemur fram að sjálfbær þróun skal höfð að leiðarljósi í stefnumörkun sveitarfélagsins. Sjálfbær þróun er þróun sem fullnægir þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að fullnægja sínum þörfum, þar sem markmiðið er að skila umhverfinu í jafn góðu eða betra ásigkomulagi til komandi kynslóða.

Í greinargerð kemur fram að samfara fjölbreyttari nýtingu náttúruauðlinda og aukinni samkeppni um land eykst álag á náttúruna og hugsanlegum hagsmunaárekstrum fjölgar. Auk þess kemur fram líklegt er talið að fyrirsjáanlegar loftslagsbreytingar muni hafa veruleg áhrif á náttúrufar hér á landi, m.a. sjávarstöðu, rennsli áa og lífríki.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun á vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar, vistgerðum sem hafa verndargildi, búsvæðum fugla þá sérstaklega ábyrgðartegunda Íslands og fugla á valista o.fl. með sjálfbæra þróun að leiðarljósi þar sem markmiðið er að skila umhverfinu í jafn góðu eða betra ásigkomulagi til komandi kynslóða.

#### **Sérstök vernd**

Umhverfisstofnun telur að innan sveitarfélagsins séu votlendi 20.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri og stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri sem falla undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúrufrýrbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd þeirra vistkerfa sem falla undir 61. gr laganna með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

### **Tillaga að B-hluta**

Í greinargerð kemur fram að ysti hluti Stigahlíðar (fuglabjörg) er á B-hluta náttúruminjaskrár, en þar eru minjar sem ákveðið hefur verið að setja í forgang friðlýsingar ([natturuminjaskra.ni.is](http://natturuminjaskra.ni.is)).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár heldur hefur Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) sent umhverfis- og auðlindaráðuneytinu tillögu að framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár (B-hluta). Tillagan hefur verið birt á heimasíðu stofnunarinnar og felur í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind.

### **Fuglalíf**

Í Stigahlíð er ein stærsta fýlabbyggð landsins og telst byggðin alþjóðlegt mikilvægt fuglasvæði. Auk þess er fýll (*fulmarus glacialis*) á valista NÍ sem tegund í hættu og er hann friðaður samkvæmt lögum nr. 61/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi vernd fuglabúsvæða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

### **Fráveita**

Í greinargerð kemur fram að skoða þarf stöðu fráveitumála í aðalskipulagsvinnunni og taka ákvarðanir um þau. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nákvæmlega um hver staða fráveitumála er í sveitarfélaginu, þar sem kæmi fram magn og umfang fráveitu, eðli hreinsivirkja og auk þess er mikilvægt að það komi fram hvert er ástand viðtakans.

Einnig bendir stofnunin á, að ef þörf sé á úrbótum í fráveitumálum og þá þarf að koma fram hver stefna sveitarfélagsins sé varðandi endurbætur og hver tímarammi endurbóta sé.

### **Loftlagsmál**

Í greinargerð kemur fram að í auknum mæli litið til möguleika sveitarfélaga til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga sem og aðlögunar vegna þeirra. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna, tillögur og leiðir sveitarfélagsins til að draga úr áhrifum loftslagsbreytinga.

**Vistgerðir**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan sveitarfélagsins eru vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Starungsmýrarvist er dæmi um vistgerð innan sveitarfélagsins sem hefur mjög háttverndargildi með ríkulegur fuglalífi þar sem algengustu varpfuglar eru m.a. lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*) og þúfutittlingur (*Anthus pratensis*).

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver sé stefna sveitarfélagsins varðandi verndun vistgerða með hátt verndargildi og búsvæðum fugla.

  
Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur